

Mánudaginn 23. júní 1997.

Nr. 255/1997.

**Sæmundur Guðvinsson**

(Hörður Einarsson hrl.)

gegn

**Þrotabúi Miðils ehf.**

(Sigurmar K. Albertsson hrl.)

Kærumál. Gjaldþrotaskipti. Skuldaröð.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 10. júní 1997, sem barst réttinum 16. sama mánaðar, og krefst hann þess aðallega, að krafa sín, að fjárhæð 1.000.754 krónur, verði viðurkennd sem forgangskrafa á hendur varnaraðila samkvæmt 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Til vara krefst hann þess, að krafa að fjárhæð 414.123 krónur verði viðurkennd sem almenn krafa sín á hendur varnaraðila samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991 ásamt dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. október 1996 til greiðsludags. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega, að hafnað verði forgangi til krafna sóknaraðila, en til vara, að þær verði stórlega lækkaðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Málsatvik eru rakin í héraðsdómi.

Ekki liggur fyrir skriflegur samningur milli aðila málsins. Ljóst verður að telja af því, sem fyrir liggur í málinu, að sóknaraðili starfaði sem ritstjóri vikublaðs í eigu Miðils ehf. Lagði hann fram persónulega vinnu sína til þessa starfs, og var það aðalstarf hans. Miðill ehf. lagði til húsnæði og aðstöðu, og ekki verður annað séð en í starfi sínu sem ritstjóri hafi sóknaraðili haft yfir að ráða starfsfólki á vegum félagsins. Telja verður sýnt fram á það í málinu, að samið hafi verið um það milli aðila, að sóknaraðili ætti rétt á tveggja mánaða uppsagnarfresti og orlofi. Fyrir starfið þáði sóknaraðili fastar mánaðarlegar greiðslur, og gerði hann reikning fyrir í einu lagi, án þess að frá væru dregin launatengd gjöld.

Þegar framangreind atriði eru virt heildstætt, verður að telja, að samband aðila hafi haft sterk einkenni vinnusamnings. Hefur varnaraðila ekki tekist þrátt fyrir þann greiðsluhátt, sem hafður var á launagreiðslum, að sýna fram á, að samningur aðila hafi samkvæmt efni sínu verið verksamningur. Verður því að fallast á það með sóknaraðila, að launakröfur hans falli undir 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991. Í varakröfu sinni krefst varnaraðili lækkunar á grundvelli 96. gr. laganna, en ekki verður á það fallist, að hún eigi hér við. Að öðru leyti hefur varnaraðili ekki mótmælt kröfu sóknaraðila. Verður því fallist á hana að öðru leyti en því, að símakostnaður getur ekki fallið undir ákvæði 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991. Niðurstaðan verður því sú, að krafa sóknaraðila, að fjárhæð 948.665 krónur, verður viðurkennd sem forgangskrafa, og skulu dráttarvextir reiknaðir af þeirri fjárhæð, eins og segir í dómsorði.

Rétt þykir, að varnaraðili greiði sóknaraðila málskostnað í héraði og kærumálskostnað, eins og í dómsorði segir.

#### D ó m s o r ð:

Krafa sóknaraðila, Sæmundar Guðvinssonar, á hendur varnaraðila, þrotabúi Miðils ehf., að fjárhæð 948.665 krónur, að viðbættum dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 120.000 krónum frá 1. september 1996 til 18. sama mánaðar, en af 948.665 krónum frá þeim degi til 3. október 1996, skal teljast forgangskrafa samkvæmt 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Varnaraðili greiði sóknaraðila samtals 80.000 krónur í málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

#### Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 27. maí 1997.

##### I.

Mál þetta, sem þingfest var 26. mars 1997 og tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 13. maí sl., barst dóminum með bréfi Sigurmars K. Albertssonar hrl., skiptastjóra í þrotabúi Miðils ehf., 7. mars 1997.

Sóknaraðili er Sæmundur Guðvinsson, kt. 060645-2489, Laugavegi 27 A, Reykjavík.

Varnaraðili er þrotabúi Miðils ehf., kt. 431094-2909.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, að krafa sú, sem hann lýsti í þrotabúi

Miðils ehf., að fjárhæð 1.000.754 kr., verði viðurkennd sem forgangskrafa í samræmi við 1. tl. 1. mgr. 112. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991. Þá krefst hann málskostnaðar að mati dómsins auk virðisaukaskatts.

Varnaraðili gerir þær dómkröfur, að hafnað verði forgangi krafna sóknaraðila, og til vara, að kröfur verði stórlega lækkaðar. Að auki gerir hann kröfu um, að varnaraðila verði tildæmdur málskostnaður úr hendi sóknaraðila að mati réttarins.

## II.

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 3. október 1996, var bú Miðils ehf. tekið til gjaldþrotaskipta, og var Sigurmar K. Albertsson hrl. skipaður skiptastjóri búsinns. Sóknaraðili lýsti kröfu sinni í þrotabúið 15. nóvember 1996, og var fjárhæð hennar upphaflega 1.274.648 kr., en var lækkuð í 1.054.000 kr. með kröfubréfi 27. febrúar 1997. Í kröfuskrá, sem skiptastjóri gerði um lýstar kröfur, var forgangsrétti kröfu sóknaraðila hafnað. Á skiptafundi 30. janúar sl., sem haldinn var til umfjöllunar um kröfuskrá, mótmælti lögmaður sóknaraðila afstöðu skiptastjóra. Á skiptafundi með kröfuhöfum 20. febrúar sl. hélt lögmaður sóknaraðila fast við fyrri mótmæli, en var reiðubúinn að lækka fjárhæðina. Var þá ákveðið að vísa ágreiningnum til Héraðsdóms Reykjavíkur.

## III.

Sóknaraðili kveðst hafa verið ráðinn ritstjóri Helgarpóstsinns 1. júní 1996, en áður starfað þar sem blaðamaður frá 1. janúar 1996. Segir sóknaraðili, að ráðningin hafi verið handsöluð á fundi með stjórnarformanni og framkvæmdastjóra Miðils ehf. og þá verið gengið frá munnlegum ráðningarsamningi þess efnis að sóknaraðili fengi greiddar 250.000 kr. í laun á mánuði. Auk þess skyldi Miðill ehf. greiða bensín á einkabifreið hans, allan símakostnað vegna heimilissíma og áskrift að Morgunblaðinu. Fastmælum hafi verið bundið, að sóknaraðili skyldi halda þeim kjörum, sem hann hefði haft sem blaðamaður á Helgarpóstinum, þ. e. gagnkvæmur uppsagnarfrestur skyldi vera tveir mánuðir og tveir orlofsdagar greiddir fyrir hvern unninn mánuð. Með uppsagnarbréfi 18. september 1996 hafi sóknaraðila skriflega verið sagt upp störfum vegna mikilla rekstrarörðugleika blaðsinns.

Sóknaraðili kveður kröfu sína til komna vegna þess, að hann hafi einungis fengið greiddar 130.000 kr. upp í laun fyrir ágúst mánuð. Þá hafi hann hvorki fengið greidd laun fram að uppsagnardegi, 18. september, né heldur laun fyrir umsaminn tveggja mánaða uppsagnarfrest. Í uppsagnarfrestinum hafi hann tekið að sér starf á Alþýðublaðinu, og hafi greiðslur fyrir það starf verið dregnar frá og kröfufjárhæð af þeim sökum lækkuð. Áunnið orlof sóknaraðila fyrir tímabilið janúar til nóvember 1996 sé 22 dagar, en

hann hafi, þegar honum var sagt upp störfum, aðeins tekið sér frí í tvo daga. Frá áður reiknaðri orlofsfjárhæð hafi verið dregin 10,17% af þeim launum sem sóknaraðili hafi fengið fyrir vinnu við Alþýðublaðið. Til viðbótar sé símareikningur fyrir júní–ágúst.

Sóknaraðili sundurliðar kröfu sína svo:

Laun fyrir ágúst 1996 (eftirstöðvar).....	kr.	120.000
Laun fyrir september 1996 .....	–	250.000
Laun í tvo mán. uppsagnarfresti (okt.–nóv.) að teknu tilliti til		
launa hjá Alþýðublaðinu .....	–	372.000
Orlofsinneign .....	–	206.665
Símareikningur fyrir júní–ágúst 1996 .....	–	44.123
Dráttarvextir af 120.000 kr. frá 1/9–18/9 '96 og af 992.788 kr. frá 18/9–3/10 '96 .....	–	7.966
	Samtals kr.	1.000.754

Sóknaraðili mótmælir afstöðu skiptastjóra um, að hafna eigi forgangi kröfu sinnar. Eðli ritstjórastarfs sé með þeim hætti, að það geti ekki talist vera verktakastarf. Um ábyrgð og skyldur ritstjóra sé fjallað í lögum um prentrétt nr. 57/1956. Þar sé að finna skilyrði um hæfi manna til að gegna ritstjórastarfi og ákvæði um skyldur ritstjóra og ábyrgð. Heldur sóknaraðili því fram, að starfi ritstjóra fylgi mikil ábyrgð samkvæmt prentréttarlögum, og geti ritstjóri ekki samið sig frá þeirri ábyrgð með því að gera verksamning né heldur hlaupist undan þeirri ábyrgð. Sóknaraðili bendir á, að ábyrgðarreglur prentлага hvíli á hinu svokallaða belgíska ábyrgðarkerfi, en samkvæmt því sé einn aðili gerður ábyrgur fyrir efni rits, en öðrum aðilum sleppt. Ábyrgð ritstjóra geti þannig verið hlutlæg.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til laga nr. 57/1956 sé ljóst, að efni rits sé ávallt á ábyrgð ritstjóra, ýmist vegna þess, að hann gefi fyrirmæli um samningu þess, eða hafi eftirlit með birtingu þess í ritinu. Starf sóknaraðila hafi samkvæmt eðli sínu verið verkstjórnarstarf á ritstjórn auk þess að skrifa í blaðið. Hafi starf sitt því verið persónuleg vinna, sem hann hafi haft að fullu aðalstarfi og fengið greidd mánaðarlaun fyrir. Sóknaraðili hafi notið umsaminna launakjara án tillits til þess, hvort hann skilaði ákveðnum verkum. Ritstjóri hafi stöðu sinnar vegna ákvörðunarvald um það, hvað birtist í blaðinu og hvað ekki.

Sóknaraðili telur þannig, að starf sitt falli fullkomlega að skilgreiningu hugtaksins launþegi í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1993 um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota, en þar segi, að með hugtakinu launþegi sé átt við hvern þann, sem þegið hafi tíma-, viku- eða mánaðarlaun samkvæmt vinnusam-

ingi við vinnuveitanda og gegnt starfi, sem veiti rétt til launa í uppsagnar-  
fresti samkvæmt lögum eða kjarasamningi. Ráðningarsamningur sá, sem  
handsalaður hafi verið milli sóknaraðila og stjórnarformanns og fram-  
kvæmdastjóra Miðils ehf., hafi ekki verið bundinn við framkvæmd einhvers  
tiltekings verks. Sóknaraðili hafi aldrei ábyrgst neinn tiltekinn árangur af  
verkinu, hann hafi ekki fengið greitt miðað við unnið verk, heldur hafi  
hann fengið greidd mánaðarlaun. Hann hafi lotið stjórn framkvæmdastjóra  
og stjórnarformanns, að því er varðaði rekstur blaðsins, og hann hafi skuld-  
bundið sig til að vinna fyrir þá gegn greiðslu mánaðarlauna.

Sóknaraðili heldur því fram, að niðurstaða um það, hvort um verksam-  
ning eða ráðningarsamning hafi verið að ræða, ráðist af heildstæðu mati á  
öllum ofangreindum atriðum, en þau bendi öll til þess, að sóknaraðili hafi  
starfað sem ritstjóri samkvæmt ráðningarsamningi, en ekki verksamningi.

Þá bendir sóknaraðili á, að varnaraðili hafi ekki getað lagt fram neinn  
verksamning máli sínu til stuðnings, og því verði hann að bera sönnunar-  
byrðina fyrir því, að um verksamning hafi verið að ræða. Uppsagnarbréf,  
sem framkvæmdastjóri Miðils ehf. hafi sent sóknaraðila, sé óræk sönnun  
þess, að um vinnusamning hafi verið að ræða, því að verksamningi þurfi  
ekki að segja upp.

#### IV.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa verið blaðamann á Helgarpóstinum,  
áður en hann gerðist ritstjóri 1. júní 1996, og hafi laun hans þá verið  
165.000 kr. á mánuði og þau greidd eftir reikningi hans sjálfs. Ráðningar-  
kjör hans hafi verið sambærileg við það, sem síðar varð í ritstjórastöðunni.  
Varnaraðili telur ósannaðar þær staðhæfingar, að gagnkvæmur uppsagnar-  
frestur skyldi vera tveir mánuðir og greiða hafi átt orlof, en fellst á, að  
greiða hafi átt fyrir símaafnot og bensín. Hafi sóknaraðili átt sér nokkra  
forvera í starfi og ráðningarkjör þeirra verið með sama hætti og eigi við  
sóknaraðila.

Varnaraðili kveður nokkrum sinnum hafa orðið deilur um hugtakið  
„vinna í þjónustu þrotamanns“ í 1. tl. 112. gr. laga nr. 21/1991, og sé reynt  
að skilgreina hugtakið í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1993. Sé í raun verið að  
skilja á milli þeirra, sem í daglegu tali eru nefndir verktakar annars vegar  
og launþegar hins vegar.

Bent er á nokkur atriði því til stuðnings, að sóknaraðili hafi verið verk-  
taki, en ekki launþegi. Varnaraðili hafi útbúið reikninga sína sjálfur, og  
ekki komi fram hefðbundnar launaaftektir né önnur yfirlit, s. s. eftir lögum  
um orlof nr. 30/1987, hvorki þegar sóknaraðili starfaði sem blaðamaður né  
þegar hann starfaði sem ritstjóri. Virðisaukaskattur komi að vísu ekki fram  
á reikningum, en samkvæmt lögum um virðisaukaskatt sé vinna sú, sem

sóknaraðili hafi innt af hendi, ekki virðisaukaskattsskyld. Sóknaraðili hafi tekið að sér það verk að ritstýra Helgarpóstinum og koma einu blaði út vikulega, enginn hafi haft yfir honum agavald og vinnutími hans ekki verið skráður.

Varnaraðili mótmælir sjónarmiðum sóknaraðila um eðli ritstjórarstarfsins og bendir á, að hvorki í prentlögum né öðrum lögum sé lagt við því bann, að ritstjórar geti unnið sem verktakar, enda slíkt efalaust brot á 75. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Varnaraðili leggur á það áherslu, að ýmislegt hagræði hafi verið að því að starfa fyrir sóknaraðila á verktakakjörum; hann hafi t. d. fengið hærri laun sem verktaki, en á móti komi, að hann hafi misst ýmis réttindi launþega. Um þetta verði menn að hugsa í hverju tilviki, og ekki verði bæði haldið og sleppt.

Varakröfu sína styður varnaraðili þeim rökum, að vinnuréttarsamband aðila hafi aðeins staðið frá 1. júní til 18. september 1996, í þrjá og hálfan mánuð, og því sé óréttlátt, að forgangur fylgi launum í uppsagnarfresti í október og nóvember 1996, sbr. 96. gr. laga nr. 21/1991.

Varnaraðili kveður ekki hafa komið fram í málinu, að skiptastjóri hafi lýst yfir, að hann sé reiðubúinn að samþykkja kröfu sóknaraðila sem almenna kröfu í búið með 414.123 kr., þ. e. laun í ágúst og september 1996, svo og símreikninga 44.123 kr., og þá vexti, sem leiða megi af ofangreindum fjárhæðum.

## V.

Í máli þessu reynir á túlkun á orðalaginu „laun og annað endurgjald fyrir vinnu í þjónustu þrotamanns“ í 1. tl. 1. mgr. 112. gr. gjaldþrotalaga nr. 21/1991. Í íslenskum lögum er ekki að finna algildar skilgreiningar á hugtökunum vinnusamningur eða launþegi, en vísbendingar um túlkun hugtakanna í því sambandi, sem hér um ræðir, er m. a. að finna í 4. gr. laga um ábyrgðarsjóð launa vegna gjaldþrota nr. 53/1993.

Engum skriflegum samningi er til að dreifa um samningssamband sóknaraðila og Miðils ehf. Fallast má á með sóknaraðila, að niðurstaða um það, hvort krafa hans á hendur varnaraðila er sprottin af vinnusamningi eða verksamningi, ráðist ekki af heiti samningsins, heldur af heildstæðu mati á fjölmörgum þáttum samningssambandsins.

Ekki verður fallist á þá málsástæðu sóknaraðila, að lög um prentrétt nr. 57/1956 komi í veg fyrir, að störf ritstjóra séu unnin samkvæmt verksamningi.

Sóknaraðili bar fyrir dómi, að hann hefði litið á sig sem launþega. Í ráðningarkjörum sínum hefði verið miðað við tveggja mánaða gagnkvæman

uppsagnarfrest og tvo launaða orlofsdaga fyrir hvern unninn mánuð. Framkvæmdastjóri Miðils ehf. hefði neitað að hafa starfsmenn í stéttarfélagi og ekki borgað lífeyrissjóðsiðgjald eða stéttarfélagsgjöld. Hann kveður vinnuframlag sitt hafa verið persónulegt; hann hafi ráðið efnistöfum blaðsins og séð um að koma því út vikulega.

Við aðalmeðferð málsins var lögð fram svohljóðandi óundirrituð yfirlýsing:

„Við undirritaðir, Þorbjörn Tjörvi Stefánsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Miðils ehf., og Árni Möller, fyrrverandi stjórnarformaður Miðils ehf., útgáfufélags Helgarpóstins, lýsum hér með yfir því, að við réðum Sæmund Guðvinsson til verktakastarfa sem ritstjóra Helgarpóstins frá og með 1. júní 1996. Ráðningarkjör Sæmundar sem ritstjóra voru 250.000 kr. á mánuði, gagnkvæmur tveggja mánaða uppsagnarfrestur, tveir orlofsdagar fyrir hvern unninn mánuð, bensínkostnaður við bifreið hans, útlagður kostnaður vegna heimasíma og heimilisáskrift að Morgunblaðinu.“

Sóknaraðili kvaðst hafa fært framangreinda yfirlýsingu í letur, en sett þar inn orðið „verktakastarfa“ að kröfu Þorbjörns Tjörva, þar sem fram hafi komið í símtali, að hann skrifaði ekki undir yfirlýsinguna, nema þetta kæmi fram.

Vitnið Stefán Hrafn Hagalín, sem var ritstjóri Helgarpóstins á undan sóknaraðila, bar fyrir dómi, að það hefði ráðið sóknaraðila til starfa sem ritstjórnarfulltrúa. Vitnið kvað alla blaðamenn hafa verið ráðna á sömu kjörum, sem hann nefndi „gerviverktöku“. Greidd hafi verið ákveðin summa mánaðarlega, og hafi blaðamenn notið flestra réttinda launafólks, svo sem tveggja eða þriggja mánaða uppsagnarfrests, tveggja orlofsdaga fyrir hvern unninn mánuð, launa í veikindum, greiðslu fyrir tímarit og leigubifreiðir. Blaðamenn hafi hins vegar orðið að sjá um bókhald sitt sjálfir svo og slysatryggingar og lífeyrissjóð.

Vitnið Guðrún Kristjánsdóttir, sem starfaði sem blaðamaður á Helgarpóstinum, bar fyrir dómi, að það hefði ekki litið á sig sem verktaka. Vitnið hefði átt rétt á uppsagnarfresti og tveimur orlofsdögum fyrir hvern unninn mánuð og tekið út orlof á launum sumarið 1996.

Vitnið Þorbjörn Tjörvi Stefánsson, sem var framkvæmdastjóri Miðils ehf., bar fyrir dómi, að það hefði séð um samninga við sóknaraðila vegna ritstjórnastarfa. Vitnið fullyrti, að sóknaraðili hefði verið ráðinn sem verktaki. Vitnið kvað útgáfu blaðsins hafa verið gífurlegan áhætturekstur og forsvarsmenn fyrirtækisins ekki viljað taka á sig ábyrgð gagnvart launþegum af neinu tagi, m. a. vegna refsíábyrgðar stjórnenda. Aðeins tveir starfsmenn blaðsins hefðu verið með launþegasamninga. Vitnið kvað sóknar-

aðila hafa borið ábyrgð á því, að eitt blað kæmi út vikulega gegn 250.000 kr. greiðslu á mánuði. Sú tala hafi verið fengin án samanburðar við aðra blaðamenn. Vitnið kvað sóknaraðila hafa viljað, að það undirritaði yfirlýsingu um, að hann hefði verið á launþegakjörum, en vitnið kvaðst ekki hafa viljað undirrita slíka yfirlýsingu, nema þar kæmi fram, að sóknaraðili hefði verið verktaki. Vitnið kvaðst ekki muna eftir, að samþykkt hefði verið, að sóknaraðili ætti uppsagnarfrest, en rætt hefði verið um, að sóknaraðili yrði látinn vita með einhverjum fyrirvara, ef vitnið vildi losna við ritstjórnann. Vitnið staðfesti, að rætt hefði verið um einhvern afslátt af vinnuskyldu, svo að sóknaraðili kæmist í frí á launum, en kannaðist ekki við, að það hefði verið bundið við tvo daga fyrir hvern unninn mánuð.

Fallast má á með sóknaraðila, að í samningi aðila hafi falist, að honum væri persónulega skylt að ritstýra Helgarpóstinum. Vinnuskylda sóknaraðila sem ritstjóra virðist ekki hafa verið frábrugðin vinnuskyldu launþega og ábyrgð sóknaraðila sem ritstjóra og agavald vinnuveitanda sambærilegt. Miðill ehf. virðist einnig hafa lagt það fram, sem sóknaraðili þurfti til að rækja vinnuskyldur sína, svo sem húsnæði og áhöld.

Með framburði vitnanna Stefáns Hrafns og Guðrúnar þykir nægjanlega í ljós leitt, að samningar blaðamanna á Helgarpóstinum hafi verið með þeim hætti, að um gagnkvæman tveggja mánaða uppsagnarfrest hafi verið að ræða og að tveir orlofsdagar á launum hafi átt að koma fyrir hvern unninn mánuð. Þá bendir framburður þeirra og Þorbjörns Tjörva til þess, að samningur sóknaraðila við Miðil ehf. hafi verið eins og annarra blaðamanna að þessu leyti. Sóknaraðili þykir hins vegar ekki hafa sýnt fram á, að réttur hans til uppsagnarfrests og orlofs hafi verið fullkomlega sambærilegur við rétt launafólks til uppsagnarfrests samkvæmt lögum og kjarasamningum, t. d., hvað varðar laun án vinnuframlags í uppsagnarfresti. Þá þykir sóknaraðili ekki hafa sýnt fram á, að sóknaraðili hafi haft rétt til launa í veikindaforföllum.

Í framburði sóknaraðila fyrir dómi kom fram, að afstaða framkvæmdastjóra Miðils ehf. hefði verið sú að hafa ekki í vinnu starfsmenn, sem væru í stéttarfélagum, og að borga ekki í lífeyrissjóði eða stéttarfélagsgjöld. Sóknaraðila var því fullkunnugt um þann vilja stjórnenda Miðils ehf. að gera verktakasamninga, en ekki vinnusamninga við þá, sem störfuðu á ritstjórn Helgarpóstsins.

Líta verður svo á, að það hafi verið í samræmi við samning aðila, að sóknaraðili gerði Miðli ehf. mánaðarlega reikninga vegna vinnuframlags síns, en á þeim reikningum kemur aðeins fram ein heildartala. Af reikningsgerð sóknaraðila og framburði aðila og vitna fyrir dómi þykir ljóst, að



ekki var gert ráð fyrir, að Miðill ehf. annaðist greiðslur launatengdra gjalda, sem atvinnurekendum er skylt að standa skil á vegna launþega, svo sem staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingargjalds, lífeyrissjóðsframlags og stéttarfélagsgjalda. Ekkert er fram komið í málinu um, að sóknaraðili hafi ekki sætt sig við þetta fyrirkomulag á greiðslum fyrir ritstjórarstarfið.

Því er ekki haldið fram í málinu, að endurgjald fyrir störf sóknaraðila hafi tekið mið af kjarasamningum blaðamanna eða annarra eða breytingum á þeim, heldur virðist endurgjald fyrir störf sóknaraðila hafa verið tiltekin mánaðarleg fjárhæð, sem aðilum kom saman um. Þá var ekki gert ráð fyrir neinum lágmarks- eða hámarksvinnutíma.

Sóknaraðili hefur ekki lagt fram í málinu afrit af skattframtali sínu vegna umrædds tímabils, og ekki er upplýst, hvort hann var skráður sem atvinnurekandi hjá skattfyrvöldum eða Hagstofu Íslands.

Enda þótt samningssamband aðila hafi á sér þann blæ að vera vinnusamningur, klæddur í búning verksamnings, skortir samkvæmt framansögðu nokkuð á, að kröfu sóknaraðila verði jafnað við kröfu um laun eða annað endurgjald fyrir vinnu í skilningi 1. tl. 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 eða bætur vegna slita á vinnusamningi í skilningi 2. tl. 1. mgr. sömu lagagreinar. Telja verður varlegt að fallast á rúma túlkun á framangreindu orðalagi, þegar aðilar hafa komið sér saman um, að samningssambandið eigi að lúta lög málum verksamnings gagnvart skattfyrvöldum, stéttarfélögum, lífeyrissjóðum o. fl. eins og í þessu tilviki.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, ber að hafna kröfu sóknaraðila um, að krafa sú, sem hann lýsti í þrotabú Miðils ehf., verði viðurkennd sem forgangskrafa. Sóknaraðili hefur ekki gert neinar varakröfur í málinu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Sigurður T. Magnússon héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, Sæmundar Guðvinssonar, á hendur varnaraðila, þrotabúi Miðils ehf., í máli þessu er hafnað.

Málskostnaður fellur niður.